

Föstudagurinn 17. desember 1999 kl. 15:00

135. fundur samkeppnisráðs

Ákvörðun nr. 39/1999

**Erindi Konráðs Eyjólfssonar um aðstöðumun
Olíudreifingar ehf. við mjólkurflutninga**

I.

Erindið

Samkeppnisstofnun barst erindi, þann 10. maí 1999, frá Konráði Eyjólfsyni þar sem farið er fram á að Samkeppnisstofnun kanni hvort að Olíudreifing ehf. njóti aðstöðumunar sem brjóti í bága við samkeppnislög, t.d. með því að nýta ökutæki sem séu styrkt af Flutningsjöfnunarsjóði olíuvara til að flytja olíu, í það að flytja mjólk af svæði því sem tilheyrir Mjólkurbúi Borgnesinga og Mjólkurbúi Kjalnesinga.

Í erindinu kemur fram að þann 26. apríl 1999 hafi farið fram lokað útboð á fyrrgreindum mjólkurflutningum og hafi 7 aðilum verið gefinn kostur á að bjóða í verkið. Eins og sjá megi af fundargerð frá opnun tilboða, dags. 26. apríl 1999, hafi Olíudreifing verið með lægsta tilboðið. Síðan segir í erindinu:

„Það sem athygli vekur er að þau fyrirtæki sem rekin eru á sambærilegum grunni og Olíudreifing ehf. eru minnst 10.844 milljónum hærrí og mest 23,971 milljónum hærrí í tilboðum sínum. Þetta samsvarar 23,2% í lægri tölunum og um 50% í hærrí tölunum.

Það er nokkuð augljóst að minni fyrirtæki sbr. Austfrakt ehf. eru með miklu lægri fastan kostnað (overhead) og gera minni arðsemiskröfur til verkefna en þau stóru, þar af leiðir að þau geta verið lægri í kostnaðartölum en stórfyrirtæki, nema að hagkvæmni stærðarinnar vegi þar á móti....“

Óskar kvartandi eftir því að njóta nafnleyndar á meðan frumathugun fari fram. Sjái Samkeppnisstofnun hins vegar fram á að hér sé um brot á lögum að ræða endurskoðist sú afstaða.

II. Málsmeðferð

1.

Með bréfi, dags. 22. júlí 1999, sendi forstjóri Samkeppnisstofnunar viðskiptaráðherra erindið. Kom fram í bréfi hans að forstjóri Samkeppnisstofnunar væri jafnframt formaður Flutningsjöfnunarsjóðs. Vegna þessara tengsla, og með vísan til 3. gr. stjórnisýslulaga nr. 37/1993, óski Samkeppnisstofnun eftir því við ráðuneytið að það hlutist til um að málið yrði fengið öðrum aðila til meðferðar.

Með bréfi, dags. 3. ágúst 1999, fól viðskiptaráðherra, Birgi Má Ragnarssyni lögfræðingi, málið til formlegrar meðferðar.

2.

Þann 4. ágúst 1999, var Olíudreifingu sent bréf þar sem fyrirtækinu var gerð grein fyrir erindinu. Var farið fram á að Olíudreifing eða þeir aðilar sem að fyrirtækinu stæðu, gerðu grein fyrir því hvort þeir hlytu greiðslu úr Flutningsjöfnunarsjóði. Ef svo væri þá yrði gerð grein fyrir því með hvaða hætti slíkum fjármunum væri varið. Einnig var farið fram á að gerð yrði grein fyrir því hvernig skilið væri á milli flutnings á olíu- og mjólkurvörum í rekstri fyrirtækisins.

Þá var einnig sent bréf, dags. 5. ágúst 1999, til Flutningsjöfnunarsjóðs olíuvara þar sem gerð var grein fyrir framkomnu erindi og farið fram á að sjóðurinn gerði grein fyrir greiðslum úr sjóðnum.

3.

Svar Olíudreifingar barst 28. september 1999. Í því kemur fram að Olíudreifing njóti engra greiðslna úr Flutningsjöfnunarsjóði. Greiðslur fyrir þjónustu sína við Olíuverslun Íslands hf. og Olíufélagið hf. vegna olíuafgreiðslu fengi félagið greitt samkvæmt reikningum byggðum á eigin gjaldskrá. Kemur fram að Olíufélagið og Olíuverslun Íslands fái greiðslu úr Flutningsjöfnunarsjóði.

Þá kemur fram að haldið sé sérstaklega utan um starfsemi vegna mjólkurflutninga í bókhaldi á sama hátt og annarra starfsstöðva fyrirtækisins með deildarmerkingu viðkomandi fjárhagsfærslna og fylgiskjala. Notaðir séu sérstakir bílar í mjólkurflutninga og söfnun. Hugmyndir hafi hinsvegar verið

uppi um að einn mjólkurvagn verði dreginn með olíubíl frá Borgarnesi til Reykjavíkur tvisvar í viku hluta úr ári. Það hafi ekki komið til framkvæmda og óvíst að svo verði. Mjólkurflutningar félagsins hafi engin áhrif á gjaldskrá þess fyrir olíuflutninga.

Svar Flutningsjöfnunarsjóðs barst með bréfi, dags. 20. október 1999. Þar kemur m.a. fram að Olíudreifing njóti engra greiðslna úr hendi Flutningsjöfnunarsjóðs vegna dreifingar á olíuvörum. Þau félög sem standi að Olíudreifingu njóti hins vegar slíkra greiðslna.

4.

Í framhaldi af fyrrgreindum bréfum var Olíudreifingu sent bréf, dags. 27. nóvember 1999 þar sem óskað var eftir skriflegri yfirlýsingu endurskoðanda fyrirtækisins varðandi eftirfarandi:

„Eru greiðslur eigenda Olíudreifingar ehf. til fyrirtækisins miðaðar við þá þjónustu sem þeir fá á grundvelli gjaldskrár sem tekur mið af kostnaði. Ef ekki hvernig er greiðslum frá eigendum til Olíudreifingar ehf. háttað og við hvaða forsendur eru þær miðaðar?“

Svar endurskoðanda Olíudreifingar er dagsett 2. desember 1999. Þar segir m.a.:

„Það staðfestist hér með að greiðslur eigenda Olíudreifingar ehf. til fyrirtækisins miðast við þá þjónustu sem þeir fá á grundvelli gjaldskrár, sem tekur mið af kostnaði við að veita þjónustuna.“

III.

Niðurstöður

Á fundi samkeppnisráðs, þann 17. desember 1999, var ákvörðun tekin í máli þessu. Fundinn sátu Brynjólfur Sigurðsson, Karitas Pálsdóttir, Jón Grímsson, Ólafur Björnsson og Sigurbjörn Magnússon.

Af hálfu kvartanda í máli þessu er óskað eftir athugun Samkeppnistofnunar á því hvort Olíudreifing njóti aðstöðumunar sem brjóti í bága við samkeppnislög, t.d. með því nýta ökutæki, sem séu styrkt af Flutningsjöfnunarsjóði olíuvara til að flytja í olíu, einnig til að flytja mjólk.

2. mgr. 14. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993 er svohljóðandi:

„Þegar um er að ræða opinbert fyrirtæki eða fyrirtæki sem starfar að einhverju leyti í skjóli opinbers einkaleyfis eða verndar er samkeppnisráði heimilt að mæla fyrir um fjárhagslegan aðskilnað, annars vegar á milli þess hluta rekstrar fyrirtækisins sem nýtur einkaleyfis eða verndar og hins vegar þess hluta rekstrar sem er í frjálstri samkeppni við aðra aðila. Skal þess gætt að samkeppnisrekstur sé ekki niðurgreiddur af einkaleyfis- eða verndaðri starfsemi.“

Til skoðunar kemur hvort að ákvæði þetta eigi við um það tilvik sem hér um ræðir. Með hliðsjón af gögnum málsins er ljóst að Olíudreifing fær ekki greiðslur úr Flutningsjöfnunarsjóði olíuvara. Hins vegar liggur fyrir að eigendur félagsins Olíufélagið og Olíuverslun Íslands njóti slíkra greiðslna. Með vísan til yfirlýsingar endurskoðanda Olíudreifingar verður hins vegar ekki séð að þær greiðslur renni með beinum eða óbeinum hætti inn í rekstur Olíudreifingar. Af því leiðir að Olíudreifing telst ekki fyrirtæki sem starfar að einhverju leyti í skjóli opinbers einkaleyfis eða verndar í skilningi 2. mgr. 14. gr. samkeppnislaga. Ekki eru því tilefni til afskipta samkeppnisyfirvalda í máli þessu.

VI.

Ákvörðunarorð:

„Ekki er ástæða til að hafast frekar að í máli þessu.“